

Hafnarreglugjörð

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. maí 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909.

I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatala 3 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða eru tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar fyrir innan línu, er hugsast dregin úr Balakletti í Hvaleyrarhöfða, eftir að þau hafa komið frá útlöndum eða, ef um skip ræðir, er fara aðeins hafna milli innanlands, þá er þau hið fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig :
 - a. Af skipum, sem eiga heima í Hafnarfirði, 3 aura af hverri smálest.
 - b. Af öðrum skipum 5 aura af hverri smálest.

Þá er skip flytur á land vörur, eða tekur úr landi vörur eða farþega, geldur það ennfremur 2 aura af hverri smálest, hvort heldur það er innan- eða utanbæjar, innan- eða utanríkiseign.
2. Hafni skip sig oftast en einu sinni á árinu á Hafnarfjarðarhöfn, greiðast gjöldin eigi að fullu nema í fyrsta skiftið, en aðeins með helmingi hin önnur skiftin. Hafnargjöldin og önnur gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

II. Aukagjöld.

1. Skip þau öll, sem lagt er á Hafnarfjarðarhöfn í vetrarlegu eða liggja þar um lengri tíma á öðrum tíma árs, að minsta kosti 1 mánuð, hvort heldur eru útlend eða innlend, skulu greiða í legugjald 20 aura fyrir smálest hverja. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, greiða þó gjald þetta aðeins hálf.
2. Geymsluskrokkum (hulks) má ekki leggja á höfnina, og ekki heldur þeim skipum, sem búið er að leggja niður til sjóferða, og mega síðargreind skip, er lagt hefir verið þar áður, ekki liggja þar um lengri tíma.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

1. Öll herskip og skemtiskip, hverrar þjóðar sem eru, eru undanþegin hafnargjaldi. 87
17. maí
2. Öll innlend skip, sem eru að fiskiveiðum við strendur landsins, eru undanþegin hafnargjaldi, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er veiðar þeirra og útbúnað snertir. Þó skulu þau greiða aukagjald það, er um ræðir í II. kafla. Svo eru og undanþegin hafnargjaldi skip þau, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið fluttur á land, ef þau flytja hann allan á burt aftur og ekki annað.

IV. Notkun hafnarinnar.

Heimilt er að leggja yfir veturinn mannláusum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar. Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannláusum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan þá línu, er hugsast dregin frá Hvaleyrarhöfðatá í svart- og hvítmálaða klettasnös norðan í Hamarskotshamri.

Skipum, sem lagt er mannláusum, hvort heldur til vetrarlegu eða um skemri tíma, skal leggja fyrir traustum grunnfærum, er hafnarnefnd tekur gild eða umsjónarmaður í hennar umboði. Þeim skal leggja þannig, að í sína átt liggi hver festi, og skulu akkeri vera 3, með ekki skemri festi við hvert þeirra en 30 föðmum, er liggja við botn. Skal þeim síðan tengt saman í einn traustan sigurnagla, og liggi aftur keðjur úr honum upp í skipið, ekki styttri en 15 fadmar hvoru megin. Öll laus trje skulu tekin niður eða færð inn í skipið, svo sem stengur, rár og klýverbómur. Þegar skip liggur þannig mannláust, skal ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum mánuði farið út í þau, til þess að líta eftir, hvort legufæri hafa haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Frá reglum þessa kafla gefst engin undanþága, nema með sjerstöku leyfi hafnarnefndar og eftir meðmælum umsjónarmanns þess, sem skipaður er til þess að hafa eftirlitið á hendi. Nánari reglur um lagning slíkra skipa, sem hjer er um að ræða, gefur hafnarnefnd í hvert skifti eða felur umsjónarmanni skipanna. Umsjónarmaður sá, er hafnarnefnd ræður til þess að leggja skipunum og hafa umsjón með þeim að vetrinum, skal hafa í þóknun 4 krónur af hverju skipi, og greiða útgjörðarmenn skipanna gjald þetta.

- 87** Fiskiskip og önnur skip, sem ferma eigi eða afferma, eða fermslu eða
 17. maí affermslu er lokið við, eða ekki byrjað á, skulu eftir nánara ákvæði hafnarnefndar liggja svo á höfninni, að þau ekki tálmi fermslu eða affermslu verslunarskipa eða annara skipa, sem þurfa að flytja farm frá landi eða á land.

V. Um seglfestu o. fl.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja þar, nje flytja það úr landi út í höfnina. Ekki má heldur gjöra nein hafnarmannvirki við höfnina eða leggja út í hana neinum slikum tækjum, svo sem duflum eða þviliku, án samþykkis bæjarstjórnar.

VI. Bryggjugjald.

A. Skipagjald.

1. Af hverju skipi, sem legst að bryggjunni og festir sig við hana, skal greiða sem hjer segir:
 - a. Af skipum, er sigla eftir fastri áætlun, svo sem póst- og farþegaskipum, skal greiða 3 auro gjald af hverri smálest, í hvert sinn og þau koma á höfnina og eru afgreidd við bryggjuna.
 - b. Af vöruflutningaskipum, sem eru yfir 250 smálestir, greiðist 3½ eyrir fyrir hverja smálest fyrir 3 fyrstu dagana, er þau í hvert sinn hafa afnot af bryggjunni, en 1 eyrir fyrir hvern dag eða part úr degi eftir sama rúmmáli, sem þau liggja lengur í sama sinn.
 - c. Af skipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, sem minni eru en 250 smálestir, en yfir 100 feta löng, skal greiða 8 krónur í hvert sinn, alt að 3 dögum, en 2 krónur fyrir hvern dag eða part úr degi, sem umfram er.
 - d. Af skipum og bátum, sem eru yfir 40 en undir 50 fetum, skal greiða 6 krónur fyrir alt að 3 dögum, og 2 krónur fyrir hvern dag eða part úr degi, sem umfram er.
 - e. Af minni skipum og mótorbátum skal greiða 1 krónu í hvert sinn, er þau nota bryggjuna, enda liggi þau ekki lengur en 1 dag. Þó geta smærri bátar og skip, er heima eiga í Hafnarfirði, samið við hafnarnefnd um annað ákveðið bryggjugjald fyrir tiltekinn tíma, ef þau þurfa að hafa afnot af bryggjunni að staðaldri.
2. Undanþegin bryggjugjaldi eru skip þau, sem eingöngu leita hennar til að taka vatn, svo og öll herskip og löggæsluskip, þó þau einnig taki kol.
3. Öll þau skip, sem nota vilja bryggjuna eða áhöld hennar, skulu hafa sama

- rjett til þess, og fá aðgang að henni í sömu röð og þau hafa komið inn og sótt um að leggjast að henni. Þó skulu skip, er sigla eftir fastri áætlun, ganga fyrir öðrum skipum, ef þau koma jafnasemma, einnig skulu kaupskip, er losa eða hlada mikinn hluta farms, að öðru jöfnu ganga fyrir fiskiskipum og öðrum þeim skipum, er lítið erindi eiga og hægt er að afgreiða á annan hátt.
4. Skip skulu leggjast þar að bryggjunni, er umsjónarmaður vísar á, og nota þau festaáhöld, er hann til tekur, og gæta að öðru leyti allrar þeirrar varúðar meðan legið er við bryggjuna, sem nauðsynleg er til þess að koma í veg fyrir skemdir á skipi, bryggju eða áhöldum hennar.
5. Skemmist bryggjan eða áhöld hennar af völdum skips eða skipverja, hvort heldur er fyrir árekstur, ásigling eða af öðrum orsökum, sem umsjónarmanni þó ekki verður gefin sök á, skal hlutadeigandi skipsútgerð eða skipstjóri fyrir hennar hönd bæta tjónið að fullu eftir mati dómkvaddra manna og almennum skadabótareglum. Jafnskjótt og skip hafa lokið nauðsynlegum erindum sínum við bryggjuna, skulu þau leggja frá henni og mega þau ekki leggjast svo nálægt henni, að þau verði til tafar öðrum skipum, er leggja að eða frá henni. Ef að tvö eða fleiri skip nota sporbrautir bryggjunnar samtímis, skal notendum skylt að haga akstrinum samkvæmt fyrirmælum umsjónarmanns.

B. Vörugjald.

Af vörum, sem teknar eru úr skipum á bryggjuna eða af henni í skip, skal greiða gjald sem hér segir:

- a. Af salti, kolum, kalki, steinlimi, múrsteini og öðrum steini, sem ætlaður er til bygginga, og ennfremur eldföstum leir, 40 aura af smálest.
- b. Af allskonar timbri og öðrum þeim vörum, sem á farmskrá skipa venjulega er reiknað farmgjald af eftir rúmmáli, 60 aura af hverjum 100 teningsfetum.
- c. Af stykkjavöru, sem reiknað er farmgjald af eftir þyngd, 75 aura af smálest.
- d. Af fiski, nýjum, slægðum eða óslægðum, 25 aura af smálest, söltuðum en blautum (óverkuðum) 40 aura, og þurrum eða verkuðum saltfiski 65 aura af smálest hverri.

Vörugjaldið reiknast af hverjum 10 teningsfetum og 100 kg., minni þungi eða rúmmál reiknast sem heil gjaldeining, þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 12 aurar. Þegar sjerstök atvik eru fyrir hendi, einkum ef um mjög mikið vörumagn er að ræða, getur hafnarnefnd gjört sjerstakan samning um vörugjaldið.

VII. *Almenn ákvæði.*

1. Öll bryggjugjöld greiðast strax, eða jafnskjótt og skip er afgreitt í hvert sinn, en á vörugjöldum má gefa þeim mönnum alt að mánaðarfrest með borgun, er að staðaldri og til nokkurra muna skipa upp eða út vörum við bryggjuna.
2. Heimilt er þeim, er nota bryggjuna, að leggja vörur á bryggjuhausinn svo sem rúm leyfir að áliti umsjónarmanns, þó mega þær ekki liggja þar lengur en 24 tíma án sjerstaks leyfis hafnarnefndar. Eigi má raða þungavörum (kolum, salti, þakjárn, timbri, steini, steinlími o. s. frv.) á bryggjuhausinn hærra en svo, að meira en 1,5 smál. komi á hvern fermeter af dekkinu. Á landálmuna má einungis leggja vörur, sem fluttar eru jafnóðum, og ávalt skal þessi hluti bryggjunnar vera auður að kveldi eða loknu verki.
3. Bæjarstjórnin ræður umsjónarmann og ákveður laun hans. Hann hefir fyrir hönd bæjarstjórnarinnar á hendi alla umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, innheimtir gjöld af skipum og vörugjöld samkvæmt reglugjörð þessari, ásamt fleiru, er nánar verður ákveðið með erindisbrjefi, er bæjarstjóri semur fyrir hann með ráði hafnarnefndar. Umsjónarmaður vísar skipum á stað við bryggjuna, er þau ferma eða afferma, og sjer um að reglugjörðinni sje hlýtt. Hann hefir vald til þess að banna skipum aðgang að bryggjunni, sömuleiðis getur hann, ef þrengsli, sjór eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, tafarlaust vísað skipum, sem liggja við bryggjuna, burtu frá henni. Skyldi ágreiningur rísa milli skipa innbyrðis, eða umsjónarmanns og skips út úr einhverju því efni, er reglugjörð þessi setur ákvæði um, þá ber skipstjóra til bráðabirgða að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns, en skotið getur hann málinu til hafnarnefndar, er ræður úrslitum þess. Umsjónarmaður getur bannað alla ónaúðsynlega umferð um bryggjuna.
4. Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnar-sjóð.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.